



HAFNARFJARÐARKIRKJA

í hjarta bæjarins



Fylgstu með okkur:

Facebook, Instagram og á hafnarfjardarkirkja.is

Kæra sóknarbarn Hafnarfjarðarsóknar

Manneskjan er tengslavera hefur oft verið sagt. Við höfum líklega aldrei fundið jafn sterkt fyrir því hversu mjög við þörfnumst tengsla eins og þegar tengslin rofna, hvort sem það eru heimsfaraldrar, áföll eða sorg sem skapa þetta rof. Fjöl margar rannsóknir hafa sýnt fram á hversu mikilvæg félagsleg tengsl eru þegar kemur að líkamlegri og andlegri líðan fólks.

Þegar við upplifum skort á félagslegum tengslum getum við upplifað einmanaleika. Einmanaleikinn er sár en ekki einungis það heldur vinnur hann gegn góðri heilsu og góðum lífsgæðum. Mikil vitundarvakning hefur orðið á geðheilbrigði og geðrækt í samfélaginu og samfélagslegri umræðu og er það til mikillar fyrirmyndar að jafn mikilvægu málefni sé lyft upp.

Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á Kirkjuþingi 2022 leggur ríka áherslu á geðheilbrigði og er yfirskrift stefnunnar: Tengsl, vöxtur og framlag. Við hér í Hafnarfjarðarkirkju leggjum ríka áherslu á að efla tengsl og vöxt manneskjunnar og endurspeglar starf vetrarins það. Við bjóðum upp á fjölbreytt starf fyrir börn, kórastarf, listasmiðju og sunnudagaskóla. Fermingarfræðslu fyrir unglíngana sem og ungmennakór. Foreldramorgna fyrir foreldra og ungbörn þeirra, fullorðinsfræðsluvöld, eldri borgarastarf, kyrrðardag, starf fyrir hælisleitendur, konukvöld, kvenfélag, orgeltónleika og margt fleira.

Allt það gríðarlega fjölbreytta starf sem kirkjan hefur upp á að bjóða, hverfist um að efla geðheilbrigði. Við nærumst saman andlega og líkamlega og það er í gegnum samveruna og samfylgdina, sem múrar einsemdarinnar falla og við bindumst órjúfa tengslum.

Prestar kirkjunnar sinna mikilli sálgæslu og er hún gjaldfrjáls og stendur öllum til boða. Við mætum manneskjunni þar sem hún er stödd hverju sinni, göngum með henni og fylgjum bæði á gleði- og sorgardögum. Við höfum orð Krists að leiðarljósi í allri okkar vinnu og kristinn mannskilning, að sérhver manneskja sé einstök og elskuð sköpun Guðs. Í frumkristni safnaðist fólk saman og enn þann dag í dag er það meginsteff í kirkjunni okkar, að safnast saman sem söfnuður. Og það er þegar við komum saman og deilum sögum okkar, upplifunum, ótta og þrá og heyrum sögur annars fólks, sem hatrið minnkar, hræðslan vikir og samkennd og samhyggð eyks sem mikil þörf er fyrir í samfélaginu okkar í dag.

Þegar dagur er að kveldi komin eru það yfirleitt samverustundir dagsins sem standa upp úr, perlur sem við þræðum upp á perluband daganna, það eru dýrmætustu minningarnar okkar. Megi haustið og veturinn vera þér gjöfult, megir þú efla tengslin þín, rjúfa einsemd og vaxa og dafna.

Verið velkomin í Hafnarfjarðarkirkju, í hjarta Hafnarfjarðar.

Sr. Aldís Rut Gísladóttir,
prestur í Hafnarfjarðarkirkju



Sr. Jónína Ólafsdóttir
Sóknarprestur
Sími: 867 0970
jonina@hafnarfjardarkirkja.is



Sr. Aldís Rut Gísladóttir
Prestur
Sími: 848 7486
aldisrut@hafnarfjardarkirkja.is



Sr. Sighvatur Karlsson
Prestur
Sími: 861 2317
sighvatur@hafnarfjardarkirkja.is

Nýr organisti ráðinn við Hafnarfjarðarkirkju



Kári Þormar hefur verið ráðinn organisti og tónlistarstjóri Hafnarfjarðarsóknar. Kári stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og lauk síðar burtfarar- og pianókenningarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og burtfararprófi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar 1993. Þá lauk hann framhaldsnámi í kirkjutónlist við Robert Schuman Hochschule í Düsseldorf, Þýskalandi, undir handleiðslu Hans Dieters Möllers í orgelleik og Volkers Hempfling í kórstjórn. Kári gegndi stöðu Dómorganista í Reykjavík um árabíl auk þess sem hann hefur starfað við aðrar kirkjur.

Við bjóðum Kára hjartanlega velkominn til starfa og hlökkum til samstarfsins við þennan snjalla tónlistarmann.

Starfsfólk Hafnarfjarðarkirkju

Kári Þormar
organisti
kari@hafnarfjardarkirkja.is
Ottó R. Jónsson
staðarhaldari og kirkjuvörður
otto@hafnarfjardarkirkja.is
Bylgja Dís Gunnarsdóttir
upplýsinga- og fræðslufulltrúi
bylgja@hafnarfjardarkirkja.is

Helga Loftsdóttir
stjónandi unglínga- og ungmennakórs
helga.loftsdottir@gmail.com

Brynhildur Auðbjargardóttir
stjórnanndi barnakórs
braud64@gmail.com

Einar Örn Björgvinsson
kirkjuþjónn
einabj@hi.is

SUNNUDAGASKÓLI

ALLA SUNNUDAGA KL. 11

Í sunnudagskólanum í Hafnarfjarðarkirkju ræður **gleði, undrun og leikur** ríkjum.

Tónlistin fær mikið vægi með **söng, hljóðfærum og tónlistarleikjum**.

Auk þess heyrum við **uppbyggilegar biblíusögur, lærum bænir, horfum á brúðuleikhús, teiknum, dönsum, horfum á stutt myndbönd o.fl.**


Í lokin fá allir mynd með sér heim í **fjársjóðskistuna sína.**



Foreldramorgnar alla miðvikudaga frá kl. 10-12

Foreldramorgnar í Hafnarfjarðarkirkju hefjast 27. september og eru alla miðvikudaga frá kl. 10-12. Veitingar, spjall, samvera og fræðsla. Í vetur fáum við heimsókn meðal annars frá talmeinafræðingi og íþróttufræðingi, við munum fara í foreldra yoga, syngja og fönndra fyrir jólin. Nánari upplýsingar og dagskrá er að finna á heimasíðu kirkjunnar. Sr. Aldís Rut Gísladóttir prestur hefur umsjón með foreldramorgnum.

Öll hjartanlega velkomin!



Frá foreldramorgnum



Jólaкулугerð á foreldramorgnum

Guðmundi Sigurðssyni þökkun vel unnin störf

Guðmundur Sigurðsson var í sumar ráðinn organisti við Dómkirkjuna í Reykjavík og lét þar með af störfum sem organisti Hafnarfjarðarkirkju. Við þökkum Guðmundi dyggilega og góða þjónustu síðustu 16 ár en í hans organistatíð voru bæði orgel kirkjunnar keypt og endurnýjuð. Þá stofnaði Guðmundur einnig Barbörukórinn sem starfað hefur við kirkjuna síðustu 16 ár. Við óskum Guðmundi velfarnaðar í nýju starfi og þökkum fyrir gott samstarf.



Guðmundur Sigurðsson organisti

BARNA- OG UNGLINGAKÓR HAFNARFJARÐARKIRKJU

BARNAKÓR: 1.- 5. BEKKUR

Mánudagar kl. 16:30-17:30

Stjórnandi: Brynhildur Auðbjargardóttir

braud64@hotmail.com

UNGLINGAKÓR: 6. - 10. BEKKUR

Mánudagar kl. 17:30-18:45

Stjórnandi: Helga Loftsdóttir

helga.loftsdottir@gmail.com

Fyrstu æfingar kóranna verða 4. september í Vonarhöfn,
Hafnarfjarðarkirkju, gengið inn frá Suðurgötu.

Margt skemmtilegt verður á dagskrá í vetur.

Fyrir utan að syngja við guðþjónustur nokkrum sinnum
yfir veturinn má nefna náttfatapartý, pizzuveislu,
óvissuferð og fleira.

Áhersla er lögð á sönggleði, góða raddbeitingu og ekki
minnst, góða samveru.

Skráning:

<https://hafnarfjardarkirkja.skramur.is/login.php>

Okkar sívinsælu eldri borgarasamverur á Þriðjudögum frá kl. 12-14. Stundirnar hefjast með kyrrðarstund í kirkjunni.

Dagskrá fram að jólum:

- 12. september: Þorvaldur Friðriksson rithöfundur kemur í heimsókn
- 19. september: Ingvar Viktorsson fyrrverandi bæjarstjóri kemur í heimsókn
- 26. september: Kristín Hermannsdóttir veðurfræðingur kemur í heimsókn
- 3. október: Solveig Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi vígslubiskup kemur í heimsókn
- 10. október: Sigurbjörn Skarphéðinsson kemur í heimsókn og segir gamanvísur. Eldri borgarar úr Áskirkju koma einnig í heimsókn.
- 17. október: Karl Örn Karlsson tannlæknir kemur í heimsókn og talar um tannheilsu í Íslendingasögum
- 24. október: Farið verður í heimsókn í Digraneskirkju
- 10. október: Sigurbjörn Skarphéðinsson segir gamanvísur og eldri borgarar frá Áskirkju koma í heimsókn
- 17. október: Karl Örn Karlsson tannlæknir ræðir um tannheilsu í Íslendingasögum
- 24. október: Heimsókn í Digraneskirkju
- 31. október: Ragna Hlín Sævarsdóttir frá Hafnarfjarðarbæ talar um sorpflokkun
- 7. nóvember: Heiðís Snorradóttir næringarfræðingur kemur í heimsókn
- 14. nóvember: Guðrún Birna Gísladóttir fyrrum forstjóri Grundarheimilanna fjallar um sögu þeirra
- 21. nóvember: Atli Rúnar Halldórsson fyrrum fjölmiðlamaður fjallar um sr. Helga Árnason
- 28. nóvember: Lárus Jón Guðmundsson rithöfundur fjallar um bók sína Höfuðlausn
- 5. desember: Sr. Aldís Rut leiðir okkur inn í aðventuna
- 12. desember: Jólasöngur frá Ungmennakórnum Bergmál



Eldri borgarar í Hafnarfjarðarkirkju



Sr. Jónína og Kristín Jóhannesdóttir



Sr. Sigurður Kr. Sigurðsson og sr. Sighvatur Karlsson



Úr eldri borgarasamveru í september '23

Stundirnar hefjast með kyrrðarstund í kirkjunni en svo er haldið yfir í safnaðarheimili í léttan hádegisverð, samsöng og góður gestur kemur í heimsókn.

Umsjón með starfinu hafa Sigurður Kr. Sigurðsson og Kristín Jóhannesdóttir auk presta kirkjunnar.

Verið hjartanlega velkomin og takið með ykkur vini

Kyrrðardagur í Hafnarfjarðarkirkju 11. nóvember

Kyrrðardagar veita einstakt tækifæri til að dvelja og endurnærast í mildi og kyrrð. Boðið verður upp á kyrrðarbæn, íhugun, léttar jógaæfingar og djúpslökun á kyrrðardegnum. Dagurinn mun að mestu leyti fara fram í þögn og þar með borðhald í hádeginu. Kyrrðardagurinn hefst kl. 9 og lýkur kl. 15.

Umsjón með Kyrrðardögum í Hafnarfjarðarkirkju hafa sr. Aldís Rut Gísladóttir og Bylgja Dís Gunnarsdóttir. Bylgja Dís hefur iðkað kyrrðarbæn í um 10 ár og er með kennsluréttindi í henni frá Contemplative Outreach. Aldís Rut er menntaður yoga kennari og hefur kennt djúpslökun og yoga með trúarlegu ívaði.

Fyrir nánari upplýsingar, verð og skráningu:

aldisrut@hafnarfjardarkirkja.is, bylgja@hafnarfjardarkirkja.is



Frá kyrrðardögum í Hafnarfjarðarkirkju síðastliðinn vetur

Samverustundir fyrir hælisleitendur

Get together - GETA

Samverustundir eru alla föstudaga frá kl. 11-13 í Vonarhöfn (2. hæð í Hafnarfjarðarkirkju) en GETA hjálparsamtök halda utan um stundirnar.

Öll velcomin sem tilheyra hópi hælisleitenda hér á landi.



Listafjör

Námskeið fyrir 10-12 ára krakka í Hafnarfjarðarkirkju

Á þriðjudögum kl. 15.00-16:30 í safnaðarheimili
Hafnarfjarðarkirkju.
Námskeiðið er í 8 vikur og hefst 3. október.

Takmarkaður fjöldi þátttakenda. Ekkert gjald.
Skráning: www.hafnarfjardarkirkja.is

Leiðbeinendur: Ísabella Leifsdóttir og
Bylgja Dís Gunnarsdóttir.

Nánari upplýsingar: bylgja@hafnarfjardarkirkja.is

Kyrrðarbænastundir alla fimmtudaga

Á fimmtudögum í vetur verða Kyrrðarbænastundir í Víðistaðakirkju kl. 17:30-18:30. Iðkuð er Kyrrðarbæn ásamt öðrum íhugunar- og bænaiðkunum. Nokkrum sinnum í vetur verður boðið upp á máltíð eftir stundirnar og fræðslu.

Umsjón: Bergþóra Baldursdóttir og Bylgja Dís Gunnarsdóttir.

Ath. að stundirnar fara fram í Víðistaðakirkju en kyrrðarbænastundirnar eru samvinnuverkefni á milli Hafnarfjarðarkirkju og Víðistaðakirkju.



Altaristafa Víðistaðakirkju



Bylgja Dís Gunnarsdóttir



Bergþóra Baldursdóttir

Barbörukórinn

Barbörukórinn hefur starfað við Hafnarfjarðarkirkju síðan 2007 og hefur sinnt söng við athafnir, messur, útfarir og mörg önnur tilefni. Kórinn hefur sungið við helgistundir í gegnum streymi þegar samfélagið var lokað og mætt í kirkjuna og sungið þegar það opnaði á ný. Kórinn hljóðritaði ný íslensk tónverk vorið 2022 og tók þátt í Sönghátíð í Hafnarborg



síðastliðið sumar þar sem Jónas Sen lofaði frammistöðu kórsins: „Stórfenglegur kór-söngur og flott tónlist,“ og „Samsöngurinn var þéttur og einbeittur, og svo var bara svo falleg og einlæg tilfinning í túlkun hvers einasta lags.“ Nýr stjórnandi Barbörukórsins er Kári Þormar, organisti og tónlistarstjóri Hafnarfjarðarkirkju.

Ungmennakórinn Bergmál

Nýlega var stofnaður nýr kór í Hafnarfjarðarkirkju fyrir ungmenntu á aldrinum 16 – 20 ára. Kórinn er fyrir þau sem finnst gaman að syngja krefjandi tónlist í góðum hóp. Kórinn tekur þátt í ýmsum spennandi viðburðum innan kirkjunnar sem utan hennar og verður lagavalið því mjög fjölbreytt.

Kórstjóri er Helga Loftsdóttir



Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju ásamt kórstjóra sínum Helgu Loftsdóttur



Félagar úr Barnakór Hafnarfjarðarkirkju ásamt stjórnanda sínum Brynhildi Auðbjargardóttur

Fermingarfræðslan í Hafnarfjarðarkirkju

Fermingarfræðslan í kirkjunni okkar hefst með námskeiði áður en skólinn hefst í ágúst. Fræðsla fer svo fram u.þ.b. einu sinni til tvisvar í mánuði. Fermingarbörnin fá fræðslu um kristna trú, kirkjuna, lífið og tilveruna og þau lifsgildi sem mikilvægt er að hafa í hávegum á lífsleiðinni. Fræðslunni lýkur með fermingarathöfn þar sem barnið játar trú sína með söfnuðinum og þiggur fyrirbæn og blessun fyrir lífsgöngu sína. Á fermingarvetrinum er farið í ferðalag í Vatnaskóg.

Jónína og Aldís Rut, prestar kirkjunnar og Bylgja Dís, æskulýðsfulltrúi sjá um fermingarfræðsluna.

Lifandi, fjölbreytt og skemmtileg fræðsla í boði fyrir öll börn í Hafnarfirði á fermingaráldri



Minningarguðsþjónusta í Hafnarfjarðarkirkju 11. febrúar 2024

Margir mannskaðar hafa orðið á íslenskum skipum í gegnum tíðina. Við sem kirkja teljum það eina af skyldum okkar að votta aðstandendum samúð og virðingu sem hafa þurft að takast á við sorgir sökum slysa og ekki hvað síst þegar svo miklir mannskaðar verða í okkar samfélagi. Því hefur Hafnarfjarðarsókn ákveðið að ráðist verði í það viðamikla verkefni að varpa ljósi á sjóslysin sem urðu í febrúar 1959 þegar togarinn Júlí sem gerður var út frá Hafnarfirði, vitaskipið Hermóður, danska skipið Hans Hedtoft og kandaíski togarinn Blue Wave fórust. Minningarguðsþjónustuna verður haldin þann 11. febrúar 2024 og mun Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands heiðra samkomuna. Í lok stundar verður opnuð sýning í safnaðarheimili kirkjunnar með nöfnum og fjölskyldutré allra á Júlí og Hermóði og gerð grein fyrir Júlí, Hermóðs, Hans Hedtoft og Blue Wave slysunum.



Að syrgja um jól

Þann 21. nóvember kl. 20 verður boðið upp á fyrirlestur um sorgina og jólin. Fritt inn. Umsjón: sr. Aldís Rut Gísladóttir og sr. Jónína Ólafsdóttir en báðar hafa þær lokið framhaldsmenntun í sálgæslu.



Hádegistónleikar í Hafnarfjarðarkirkju síðasta þriðjudag í mánuði kl. 12.15

- 26. september** – Kári Þormar organisti Hafnarfjarðarkirkju
- 31. október** – Björn Steinar Sólbergsson organisti Hallgrímskirkju
- 28. nóvember** – Erla Rut Káradóttir organisti Háteigskirkju

Verið hjartanlega velkomin

Kvenfélag Hafnarfjarðarkirkju

Síðan 1930 hefur verið starfrækt öflugt Kvenfélag við Hafnarfjarðarkirkju. Kvenfélagið styður við kirkjuna með ýmsum hætti auk þess að hittast á fundum og skemmtikvöldum yfir vetrartímann. Kvenfélagið fagnar nýjum félagskonum en velkomið er að hafa samband við formann Kvenfélagsins Hafðísi Sverrisdóttur í síma 8986799. Nýjar konur hjartanlega velkomnar.



Frá tískusýningu kvenfélagsins á konukvöldi í maí 2023



Frá konukvöldi í maí 2023

Konukvöld Kvenfélags Hafnarfjarðarkirkju

Sú hefð hefur nýverið skapast að konukvöld er haldið á hverju vori í Hafnarfjarðarkirkju. Viðtökur hafa verið afar góðar og stundirnar heppnast vel. Verslunareigendur úr Hafnarfirði hafa styrkt stundina með glæsilegum happdrættisvinningum og Kvenfélagið hefur sýnt föt frá tískuverslunum í bænum. Við hlökkum til að sjá sem flestar konur næsta vor á konukvöldinu okkar í kirkjunni.

Vorhátíð í Hafnarfjarðarkirkju

Á hverju vori ljúkum við barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar með veglegri vorhátíð. Þá er öllum börnum í bænum boðið í pylsuparty og hoppukastala og nú síðast var boðið uppá veltibíl, andlitsmálningu og margt fleira. Missið ekki af vorhátíðinni næsta vor!



Frá vorhátíð 2023

Við minnum á fjölbreytt helgihald hvern sunnudag kl. 11 í Hafnarfjarðarkirkju. Sunnudagaskóli alltaf á sama tíma í Vonarhöfn.

5. nóvember kl. 11	Fjölskyldumessa
5. nóvember kl. 20	Kyrrðarstund til minningar um látna
12. nóvember kl. 11	Taizemessa
19. nóvember kl. 11	Messa með altarisgöngu
26. nóvember kl. 11	Þjóðbúningamessa
3. desember kl. 11	Skátamessa
10. desember kl. 11	Jólastund barnanna og jólaball í Hásölum
10. desember kl. 20	Jólavaka Hafnarfjarðarkirkju
17. desember kl. 11	Kyrrðarstund í aðdraganda jóla

Helgihald um jól og áramót í Hafnarfjarðarkirkju

Aðfangadagur jóla kl. 11	Jólasunnudagaskóli í Vonarhöfn
Aðfangadagur jóla kl. 18	Aftansöngur
Aðfangadagur jóla kl. 23.30	Miðnæturguðsþjónusta
Jóladagur kl. 14	Hátíðarguðsþjónusta
Jóladagur kl. 15.30	Hátíðarguðsþjónusta á Sólvangi
Gamlársdagur kl. 17	Aftansöngur
Nýjársgdagur kl. 14	Hátíðarguðsþjónusta

Birt með fyrirvara um breytingar



Hafnarfjarðarkirkja og Fríkirkjan í Hafnarfirði hafa samstarf um helgistundir á Sólvangi einu sinni í mánuði auk þess sem prestar Hafnarfjarðarkirkju messa á Hrafnistu í samstarfi við hinar kirkjurnar í Hafnarfirði vikulega.

Myndir frá fjölbreyttu safnaðarstarfi í Hafnarfjarðarkirkju



Frá árshátíð sóknamefndar og starfsfólks Hafnarfjarðarkirkju 2023



Hafnarfjarðarkirkja í hjarta bæjarins

Fylgið okkur á samfélagsmiðlum

Heimasíða: hafnarfjardarkirkja.is

Facebook: [hafnarfjardarkirkja](https://www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja)

Instagram: [hafnarfjardarkirkja](https://www.instagram.com/hafnarfjardarkirkja)